

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1966

---

3. janúar 1966.

1

Nr. 1.

## AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 600.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 200.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 200.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	.. — 200.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	..... — 40.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	..... — 400.00
7. Fyrir fjármark	..... — 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	..... — 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	..... — 400.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	..... — 200.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	..... — 200.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	..... — 200.00

Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 25.00 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. janúar 1966. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 1 9. janúar 1963, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1966.*

F. h. r.  
Baldur Möller.

*Eliás I. Ellason.*

---

Stjórnartíðindi B, nr. 1. Útgáfudagur 10. janúar 1966.

B 1